

Mánudaginn 6. mars 1995.

Nr. 70/1995.

**Herrabúðin hf.**

(Valgeir Kristinsson hrl.)

gegn

**Gjaldheimtunni í Reykjavík**

Kærumál. Gjaldþrotaskipti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 17. febrúar 1995, sem barst réttinum 2. mars sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 31. janúar 1995 um töku bús sóknaraðila til gjaldþrotaskipta. Kæruheimild er í 1. mgr. 179. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði ómerktur og felldur úr gildi, en til vara, að hinum kærða úrskurði verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Sóknaraðili hefur ekki fært fram nein þau rök, sem nú geta leitt til þess, að hnekkt verði hinum kærða úrskurði. Ber því að staðfesta hann með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

### **Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 8. febrúar 1995.**

Málið var tekið til úrskurðar 6. þ. m. vegna fram kominnar beiðni um endurupptöku þess.

Málavextir eru þeir, að með bréfi, sem barst Héraðsdómi Reykjavíkur 8. nóvember sl., krafðist Gjaldheimtan í Reykjavík, kt. 570169-0849, Tryggvagötu 28, Reykjavík, þess, að bú Herrabúðarinnar hf., kt. 470269-5459, Laugavegi 47, Reykjavík, yrði tekið til gjaldþrotaskipta.

Kvaðst skiptabeiðandi eiga kröfu á hendur skuldaranum vegna vangreiddra opinberra gjalda. Í bréfinu var höfuðstóll skuldarinnar ásamt vöxtum og kostnaði tilgreindur 828.762 kr., en krafan um gjaldþrotaskipti var

reist á árangurslausu fjárnámi hjá skuldaranum 19. september sl. Kröfu sinni til stuðnings vísaði skiptabeiðandi til 1. tl. 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991.

Við þingfestingu málsins 7. desember sl. sótti stjórnarformaður skuldara þing. Að ósk hans var málinu þá frestað til 4. janúar sl. Við fyrirtöku málsins þann dag sótti stjórnarformaður skuldara einnig þing. Málið var tekið til úrskurðar sama dag.

Af hálfu skuldara komu ekki fram mótmæli við kröfu skiptabeiðanda, og leit dómurinn því svo á með vísan til 2. mgr. 70. gr. laga nr. 21/1991, að skuldari viðurkenndi, að fullyrðingar skiptabeiðanda væru réttar. Því væri fullnægt skilyrðum 1. tl. 2. mgr. 65. gr. sömu laga til að verða við kröfu skiptabeiðanda og bú skuldara samkvæmt því tekið til gjaldþrotaskipta. Úrskurður þar um var kveðinn upp 31. janúar sl. og skiptastjóri skipaður samdægurs.

Á dómþingi í gær var af hálfu skuldara sett fram beiðni um endurupptöku meðferðar á kröfu um gjaldþrotaskipti á búi hans. Var í því sambandi vísað til 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Var á það bent, að skuldari hefði greitt skuld sína við skiptabeiðanda að fullu 2. þ. m. Jafnframt væri þess að geta, að skuldari ætti nægar eignir umfram skuldir.

Af hálfu skiptabeiðanda var lýst yfir því, að hann hefði ekkert við beiðni þessa að athuga og féllist þar með á hana, jafnframt því sem staðfest var, að skuldari hefði greitt skuld sína að fullu 2. þ. m.

Áður er að því vikið, að sóknaraðili reisi kröfu sína um endurupptöku á 1. mgr. 137. gr. laga nr. 91/1991. Í tilvitnaðri lagagrein segir, að hafi dómur gengið eða stefna verið árituð í máli, þar sem stefndi sótti ekki þing eða þingsókn hans féll niður, geti stefndi beiðst endurupptöku innan tiltekins frests. Þegar þess er gætt, að stjórnarformaður sóknaraðila sótti þing bæði við þingfestingu málsins og einnig þann dag, sem málið var tekið til úrskurðar, verður ekki byggt á þessu lagaákvæði.

Í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. er ekki að finna beina heimild fyrir endurupptöku. Samkvæmt 4. mgr. 67. gr. laganna er heimilt að afturkalla kröfu um gjaldþrotaskipti, allt þar til úrskurður er kveðinn upp um hana fyrir héraðsdómi. Þá eru í 72.–74. gr. laganna almennar reglur um þýðingu gjaldþrotaskipta. Samkvæmt þeim hefur úrskurðurinn einn og sér þegar eftir uppkvaðningu veigamikil áhrif að lögum gagnvart þrotamanni og þriðja manni, án tillits til, hvort innköllun vegna gjaldþrotaskiptanna hefur birst. Loks er þess að geta, að í 154. gr. laganna eru ákvæði um, að þrotamaður geti fengið eignir búsins afhentar að nýju eftir lok kröfulýsingarfrests með samþykki skiptabeiðanda og annarra, er lýst hafi kröfum í

þrotabúið. Þykir mega lesa út úr þessu, að málsforræðisreglan eigi ekki við um álitæfni það, sem hér er til meðferðar.

Þótt fyrir liggi í málinu, að enginn ágreiningur sé um endurupptöku-beiðnina, telur dómurinn með vísan til framanritaðs, að hafna beri beiðninni.

Júlíus B. Georgsson dómarafulltrúi kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Framangreindri beiðni um endurupptöku máls þessa er hafnað.

---